

Skráningar- og árgjald, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 409/1988:

Skráning aukefnis eða aukefnablöndu, kr. 6 480,00.

Árgjald framleiðanda eða innflytjanda vörutegundar kr. 7 600,00, auk kr. 1 620,00, á hverja vörutegund fyrir 1–15 tegundir og kr. 810,00, á hverja vörutegund umfram 15.

2. gr.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að lækka gjald þeirra aðila sem fullnægja kröfum stofnunarinnar um meðferð og tilkynningaskyldu aukefna í matvælum um allt að 30%.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins skv. heimild í 17. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og 10. og 12. gr. reglugerðar nr. 409/1988, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. mars 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurlandssvæði fyrir árið 1989.

1. gr.

Gjöld vegna heilbrigðiseftirlits á Suðurlandssvæði, sbr. gjaldskrá nr. 470/1985, skulu á árinu 1989 vera sem hér segir:

Eftirlitsgjöld:

1. flokkur	kr. 7 500,00.
2. flokkur	kr. 15 000,00.
3. flokkur	kr. 28 500,00.
4. flokkur	kr. 48 000,00.

Leyfisgjöld:

1. flokkur	kr. 2 900,00.
2. flokkur	kr. 5 800,00.
3. flokkur	kr. 8 700,00.
4. flokkur	kr. 11 600,00.

Gjöld fyrir vottorð eru:

kr. 1 000,00.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. mars 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.